


Leikskólinn Steinahlíð



**Námskrá
2015**

Efnisyfirlit

Innihald

Steinahlíð	3
Grunnpættir menntunar	4
Læsi	4
Sjálfbærni	4
Lýðræði og mannréttindi	4
Jafnrétti	4
Heilbrigði og velferð	5
Sköpun	5
Hugmyndafræði Steinahlíðar – áherslur og leiðir	5
Leikurinn	5
Umhverfismennt	6
Sjálfhjálp/sjálfstæði og félagsfærni	6
Lýðræði og jafnrétti	6
Leikskóli án aðgreiningar	7
Elstu börnin	7
Námsvið leikskólans	8
Læsi og samskipti	8
Heilbrigði og vellíðan	9
Sjálfbærni og vísindi	10
Sköpun og menning	11
Foreldrasamvinna	13
Foreldraráð	14
Hlutverk starfsmanna	14
Mat á leikskólastarfinu	15
Ytra mat	15
Innra mat	15
Rekstur og samstarfsaðilar	16
Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háleitis	16
Heimildaskrá	17
Fylgiskjal 1 - Umsögn um námskrá Steinahlíðar	18

Steinahlíð

Leikskólinn Steinahlíð er við Suðurlandsbraut og er sannkölluð náttúruperla í miðri Reykjavík. Í Steinahlíð hefur verið starfræktur leikskóli frá 7. nóvember 1949 og er því einn af elstu leikskólum borgarinnar. Húsið var byggt árið 1932 en gefið Barnavinafélaginu Sumargjöf árið 1949. Það voru þau hjónin Elly Schepler Eiríksson og Halldór Eiríksson sem gáfu húsið og var það ósk þeirra að hér yrði börnum kennt að meta og rækta tengslin við náttúruna og að ávallt yrði lögð áhersla á trjárækt og matjurtarækt.

Útivera og umhverfismennt skipar því stóran sess í starfi Steinahlíðar. Daglegt starf og hugmyndafræði byggir einnig á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 þar sem fjallað er um grunnþætti menntunar og námssvið leikskóla. Auk þess er áhersla lögð á að unnið sé samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1989) þar sem fjallað er um réttindi barna. Þar er m.a. að finna ákvæði um réttindi barna til leiks, tjáningarfrelsis og menntunar.

Einkunnarorð Steinahlíðar eru: Virðing, vellíðan og sköpun.



Grunnþættir menntunar

„Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið“ (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011. Bls. 9)

Samkvæmt Aðalnámskrá eru grunnþættir menntunar reistir á sex þáttum. Þessir þættir eru: *Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun*. Í Aðalnámskrá leikskóla er einnig fjallað um námssvið leikskólans sem eru: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning*. Hér verður stiklað á stóru varðandi grunnþætti menntunar en vísað er í Aðalnámskrá fyrir leikskóla 2011 til frekari upplýsinga

Læsi

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu“ (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011. Bls. 16). Málörvun og hugtakaskilningur er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans enda tungumálið ríkur þáttur í samskiptum. Þróun tungumálsins fer fram í leik og starfi leikskólans. Áhersla er lögð á lestur fyrir börnin, söng, rím og þulur. Börnin eru hvött til að tjá sig í máli og myndum og unnið er með ritmál t.d. með því að skrá niður hugmyndir/sögur barnanna.

Sjálfbærni

Algengur skilningur á hugtakinu sjálfbærni felur í sér að við mætum þörfum okkar án þess að rýra möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum m.ö.o. að við skilum umhverfinu ekki í lakara ástandi en þegar við tókum við því. Í leikskóla er mikilvægt að börn læri að umgangast umhverfi sitt af alúð og virðingu og þau læri að við berum öll sameiginlega ábyrgð á umhverfi okkar.

Lýðræði og mannréttindi

„Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær“ (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011. Bls. 19). Í leikskóla ber að leggja áherslu á að börn fái tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum í samvinnu við aðra. Mikilvægt er að starfsfólk virði skoðanir þeirra og leiti eftir hugmyndum þeirra varðandi starfsemi leikskólans.

Jafnrétti

Í leikskólanum eiga börn að fá jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og áhugasvið. Í samskiptum við aðra læra börn umburðarlyndi og tillitsemi. Í leik með öðrum börnum og með því að skiptast á skoðunum læra þau að við erum öll ólík og að þarfir okkar geta verið ólíkar.

Heilbrigði og velferð

Í leikskóla er lagður grunnur að heilbrigðu lífni og taka ber mið af ólíkum þörfum og getu einstaklinga. „Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilingur á eigin tilfinningum og annarra“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011. Bls. 21).

Sköpun

„Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011. Bls. 22). Leikskólanum ber að skapa umhverfi þar sem börnin fá notið sköpunargleði sinnar, svalað forvitni sinni og tækifæri til að kynnast mismunandi verkferlum og efnivið.

Hugmyndafræði Steinahlíðar – áherslur og leiðir

Leikurinn

Leikurinn er kjarninn í öllu uppeldisstarfi leikskólans hvort sem um er að ræða sjálfsprottinn leik eða skipulagðar stundir. Leikurinn er líf og starf barnsins sem eflir alhliða þroska þess. Frjáls og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins sem endurspeglar reynsluheim og tilfinningar þess. Í leik með öðrum eflist félagsfærni barnsins, leikreglur lærast og vináttubönd skapast. Það er því mikilvægt að nóg sé af tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik. Hafa ber í huga að gefa börnum tækifæri til að ljúka leik og því þarf dagskipulag leikskólans að vera að einhverju leiti sveigjanlegt.

Hópastarf/skipulagðar stundir eru tvisvar í viku. Börnunum þá er skipt í hóp á eftir aldri, getu og/eða áhugasviði. Á elstu deild leikskólans er börnum gjarnan boðið að velja sér hóp út frá mismunandi verkefnum. Hópastarf fer fram bæði innandyra og úti.

Daglegt líf í leikskólanum markast af daglegum venjum og föstum liðum. Dagskipulag er ákveðinn rammi utan um starfið sem þó er sveigjanlegur. Reynt er að mæta þörfum, aldri, þroska og áhuga hvers og eins.



Umhverfismennt

Í Steinahlíð er áhersla lögð á umhverfismennt og útiveru enda sérstaða Steinahlíðar fyrst og fremst sú að við höfum yfir að ráða stórum og fallegum garði. Í skipulagningu á starfinu er þess vegna gjarnan reynt að tengja náttúru þeim verkefnum sem unnin eru. Steinahlíð er Grænfánaleikskóli. Fyrsta fánanum var flaggað árið 2005 og síðan hefur leikskólinn fengið Grænfána annað hvert ár. Grænfáninn er umhverfismerki sem víða er notað í Evrópu sem tákn um góða umhverfisstefnu og umhverfismennt. Segja má að umhverfismennt sé rauður þráður sem samofin er öllu daglegu starfi í Steinahlíð. Umhverfismennt snýst bæði um fræðslu og viðhorf. Grænfánaskólar gera sér sína umhverfisstefnu og hægt er að finna umhverfisstefnu Steinahlíðar á heimasíðu leikskólans.



Sjálfhjálp/sjálfstæði og félagsfærni

Í leikskólanum læra börnin smám saman að hjálpa sér sjálf við sínar daglegur þarfir. Það eykur sjálfstraust einstaklingsins að vera fær um að bjarga sér sjálfur. Ekki er síður mikilvægt að börn læri að hjálpa hvert öðru, sýni umhyggju og samkennd. Börnin læra smám saman samskiptareglur um hvernig eigi að haga sér í hóp, taka sjálfstæðar ákvarðanir og virða skoðanir annarra. Áhersla er lögð á að börnin upplifi að við (hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna) sem erum í Steinahlíð berum sameiginlega ábyrgð á umhverfi og líðan okkar. Við temjum okkur að koma fallega og kurteislega fram við hvort annað og við hjálpumst að við dagleg verkefni s.s. tiltekt, að leggja á borð, flokka rusl, hlúa að gróðri o.s.frv.

Lýðræði og jafnrétti

Hver og einn einstaklingur á að fá að njóta sín á eigin forsendum. Í leik og starfi kynnast börnin fjölbreytileika manneskjunnar, að allir hafa eitthvað til brunns að bera en engin er fullkominn. Fjölbreytileikinn auðgar líf okkar og gerir það litríkara. Börnin læra að engin er

eins, útlit okkar er ólíkt, fjölskyldur okkar ólíkar og geta okkar og áhugmál eru mismunandi. Efniviður og umhverfi leikskólans þarf að vera fjölbreytt þannig að allir finni eitthvað sem samræmist áhugasviði hvers og eins. Fjölbreytni efniviðar og umhverfis er þó ekki síður mikilvægt með það í huga að börnin fái að kynnast mismunandi efniviði og umhverfi sem auðgar þekkingu, sköpum og færni. Sjá einnig Jafnréttisáætlun Steinahlíðar.

Leikskóli án aðgreiningar

Leikskólinn er ætlaður öllum börnum óháð getu þeirra og þroska. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Með snemmtækri íhlutun er átt við að unnið sé markvisst eftir viðurkenndum aðferðum til þess að stuðla að þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Áhersla er lögð á að börn fái verkefni sem taka mið af hæfni þeirra og getu. Komið er til móts við sérþarfir barna í samráði við foreldra og fagaðila.

Elstu börnin

Eftir því sem börnin eldast fá þau fleiri og flóknari verkefni að kljást við. Þau er oftari í hópastarfi auk þess að vera í umhverfisnefnd og skiptast á að sinna ýmsum verkefnum sem tengjast umhverfismennt. Á heimasíðu leikskólans er að finna námskrá elstu barnanna þar sem nánar er greint frá markmiðum og leiðum í vinnunni með þeim.

Elstu börnin heimsækja grunnskóla hverfisins nokkrum sinnum yfir veturinn og auk þess fáum við til okkar börn úr grunnskólanum til að lesa fyrir elstu börnin. Stöku sinnum nýtir grunnskólinn sér aðstöðuna hér í garðinum okkar til náms og leikja. Skriflegar upplýsingar milli skólastiga fylgja hverju barni samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla (nr. 896/2009). Upplýsingarnar eiga að tryggja velferð, menntun og þroska nemanda. Leikskólastjóra ber að gera foreldrum grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni á milli leikskóla eða í grunnskóla og rétt þeirra til að fá vitneskju um slíkar upplýsingar. Þær upplýsingar sem Steinahlíð hefur sent frá sér eru fyrst og fremst almennar upplýsingar um þroska, sjálfsmynd og félagslega stöðu, auk þess sem börnin hafa verið spurð um hvaða þeim finnst að grunnskólakennarinn ætti að vita um þau. Áður er upplýsingarnar eru afhentar eru þær lesnar yfir og undirskrifaðar af foreldrum.

Námsvið leikskólans

Læsi og samskipti

„Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“ (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011. Bls. 42).

Hugtakið bernskulæsi er oft notað yfir það ferli sem á sér stað á leikskólaárunum og undirbýr börnin fyrir lestrarnám síðar meir. „Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsispáttá: hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar“ (*Lesið í leik - læsisstefna leikskóla*, 2013).

Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki mannsins til samskipta. Eitt af markmiðum leikskólans er að efla málþroska barnanna, auka orðaforða, hugtakaskilning, hlustun og tjáningu.

Áhersla er lögð á lestur, fjölbreytt sönglög, þulur, rím og ljóð. Bækur eru valdar eftir aldri og þroska barnanna og gjarnan er staldrað við og farið yfir merkingu orða og orðasambanda. Börnin hafa aðgang að bókum og koma stundum með bækur að heiman. Reglulega er farið á bókasafn þar sem börnin fá að velja sér bækur en auk þess vandar starfsfólk val sitt á bókum bæði með tilliti til fjölbreytni og vandaðs tungumáls.

Stuðlað er að örvun ritmáls með því að merkja hluti og með því að skrá niður frásagnir og sögur barnanna.



Dagleg samskipti og samtöl eru afar mikilvæg og leitast er við að hvetja börnin til að tjá sig í orðum og setja orð á tilfinningar og hugsanir sínar. Nauðsynlegt er að barnið upplifi að hlustað sé á skoðanir og óskir þess og að barnið geti haft áhrif á umhverfi sitt, sbr. 12. grein barnasáttmálans, en þar segir m.a.: „Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska“ (*Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna*, 1989). Að sama skapi er nauðsynlegt að börnin tileinki sér smám saman að hlusta á aðra, virða skoðanir og hugmyndir annarra og að geta sett sig í spor annarra.

Umhverfislæsi er að vera læs á tákmyndir í umhverfi sínu. Það er því mikilvægt í máltöku ungra barna að starfsfólk hafi orð á hlutum og athöfnum. „Ef þú þekkir ekki orðin getur þú ekki tjáð upplifun þína og ef þú hefur ekki upplifað vantar skilninginn á orðunum“. (*Lesið í*

leik - læsisstefna leikskóla, 2013). Þegar þekking og reynsla kemur saman í eitt byggist upp hæfileiki til að greina á milli t.d. tjá muninn á „grænu og grænu“. (Lesið í leik - læsisstefna leikskóla, 2013). Sjá einnig læsisstefnu Steinhliðar.

Heilbrigði og vellíðan

Daglegar athafnir í leikskólanum eiga að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan.

Leikskólanum ber að stuðla að heilbrigðum lífsvenjum, hollu mataræði, útiveru, hreyfingu, hvíld og hreinlæti, jákvæðri sjálfsmýnd og félagsfærni.

Líðan barna í leikskólanum hefur mikið að segja um sjálfsmýnd þeirra. Umhyggja er stór þáttur af öllu starfi leikskólans. Mikilvægt er að starfsfólk myndi náin tengsl við börnin og að börn og foreldrar beri traust til starfsmanna. Hverju barni ber að mæta á eigin forsendum, að þau fái verkefni við hæfi og verkefni sem ýta undir áframhaldandi þroska þeirra og getu.

Í Steinhlið fer stór hluti starfsins fram utandyra höfum við eins og áður segir, yfir að ráða stórum og fallegum garði. Börn hafa tilhneigingu til að hreyfa sig meira en fullorðnir og úti gefst þeim tækifæri til mikillar hreyfingar sem leiðir til aukinnar vellíðunnar. „Reynsla starfsfólks í Steinhlið er sú að minna sé um árekstra í barnahópnum þegar leikurinn fer fram í náttúrulegu umhverfi.“ Náttúran setur sín takmörk á sama tíma og hún örvar til dáða. Allir geta fundið sér verkefni til að sigrast á hvort sem um er að ræða að ganga í þúfum, klifra upp á stein eða upp í tré. Samkeppni meðal barnanna verður minni, upplifunin verður miðpunktur“ (Í túninu heima – þróunarverkefni 2003- 2005, Bls. 4).



Börn sem eru að vaxa úr grasi þurfa hollan og góðan mat. Leitast er við að fylgja eftir ráðleggingum frá lýðheilsustöð þegar matseðill er gerður. Matur er eldaður frá grunni og tilbúin matvæli eru afar sjaldan á boðstólum. Sykurneyslu er haldið í lágmarki og reynt er að nota lífræn matvæli eins og hægt er.

Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum. Smám saman verð þau sjálfbjarga t.d. með því að skammta sér sjálf á diskinn, rétta öðrum, þvo hendur, fara á salerni og klæða sig.

Það að geta hjálpað sér sjálfur ýtir undir jákvæða sjálfsmynd.

Jákvæð sjálfsmynd er hugsanlega undirstaða jákvæðra samskipta og félagslegra tengsla. Allt umhverfi barnanna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra. Í leikskólanum ber starfsfólki að efla jákvæða sjálfsmynd með því að ýta undir jákvæða hegðun, gefa börnum tækifæri á að glíma við verkefni og leyfa börnunum að njóta þeirrar góðu tilfinningar að kunna eitthvað og hafa vald á ákveðinni færni. Í gegnum leik og starf í leikskólanum læra börnin smám saman samvinnu, ábyrgð og að taka tillit til annarra. Umhverfið okkar og hlutirnir okkar eru sameiginlegir, það þarf að læra að deila með öðrum og hjálpast að við að fara vel með það sem við eigum. Geta til að hjálpa öðrum og þiggja hjálp hefur líka góða áhrif á sjálfsmynd barnanna.

Sjálfbærni og vísindi

Eins og fyrr segir er lögð áhersla á umhverfismennt í Steinahlíð og stór hluti af daglegu starfi fer fram utandyra. Virðing og þekking á nánasta umhverfi, hvort sem um er að ræða náttúrulegt eða manngert umhverfi er eitt af þeim mörgu mikilvægu verkefnum sem sinnt er í leikskólanum. Börn eru í eðli sínu forvitin og þau þurfa að fá tækifæri til að nota öll sín skilningarvit þegar þau skoða og rannsaka umhverfi sitt. Hlutverk kennarans er að ýta undir forvitni þeirra, hlusta og velta vöngum með börnunum. Mikilvægt er að börn skynji smám saman að umgengni þeirra/okkar hefur áhrif á umhverfið og þess vegna álitum við að fræðsla og leikur með hin ýmsu náttúrufrýrbæri sé mikilvæg.

Í Steinahlíð gefst tækifæri til að kynnast og fylgjast með fjölbreyttu dýra- og plöntulífi. Í skoðunar- og rannsóknarleiðöngrum okkar er reynt að virkja öll skilningarvit barna (og fullorðinna). Við hlustum, horfum, lyktum, snertum og síðast en ekki síst, njótum.




Í útihópastarfi er unnið og leikið með margskonar verkefni s.s. líffræðilegan fjölbreytileika, ræktun, samgöngur og hringrásir náttúrunnar hvort sem um er að ræða árstíðir, hringrás vatns eða hringrás lífræns úrgangs. Í vinnu með börnum utandyra gefst einnig gott tækifæri til að vinna með læsi, orðaforða, félagsfærni, hreysti, rýmisskynjun, tölur og tákni. Við gerum gjarnan tilraunir sem tengjast náttúrufrýrbærum. Í gegnum leik og fræðslu fá börnin

tækifæri til að læra hvernig við nýtum náttúruna, ræktum grænmeti og við tínum ýmsar jurtir og grös sem við notum til matar. Brýnt er fyrir börnum að fara vel með öll þau gæði sem við njótum hvort sem um er að ræða vatn, rafmagn, pappír, sápu, leikföng eða í raun hvern þann efnivið sem við höfum yfir að ráða.



Sköpun og menning.

„Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barna fá að njóta sín“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011. Bls. 45). Sköpun tengist öllum námsþáttum leikskólans og verður skapandi hugsun til þegar einstaklingurinn fær að taka þátt í sköpunarferli á eigin forsendum og er hvattur til sjálfstæðra vinnubragða. Efniviður leikskólans þarf að vera fjölbreyttur og bjóða upp á margskonar sköpun, leiðir og lausnir. Börn þurfa að fá að prófa mismunandi aðferðir og þróa sínar eigin leiðir t.d. með myndmáli, leikrænni tjáningu, dansi og tónlist. Í myndsköpun fá börnin tækifæri til að vinna með margskonar efnivið. Við erum dugleg að nýta hluti sem finnast í náttúrunni og einnig endurnýtum við eitt og annað sem annars hefði lent í ruslinu.



Leikræn tjáning er börnum oft á tíðum mjög eðlileg. Á elstu deild leikskólans eru gjarnan settar upp leiksýningar og sú vinna gefur gott tækifæri til að vinna með sköpun á margvíslegan hátt í samvinnu við aðra. Textagerð, leikmynd, tjáning og tónlist fléttast saman og úr verður leiksýning sem flutt er fyrir áhorfendur.

Tónlist kemur víða við í okkar daglega starfi t.d. í samverustundum, hvíldartímum, hópastarfi og sameinginlegum söngstundum. Börnin læra texta, upplifa hrynjanda og takt í gengum söng, hreyfileiki og dans og með því að leika sér með ásláttarhljóðfæri. Markmiðið er að börnin fái að njóta og iðka tónlist.

„Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu“ (*Aðalnámskrá leikskóla*, 2011. Bls. 45). Smám saman kynnast börnin því samfélagi og menningu sem þau búa í. Í leikskólanum upplifa börnin ýmsar hátíðir og hefðir sem tengjast íslensku þjóðlífi en einnig þeirri menningu sem leikskólinn hefur skapað sér sjálfur. Ásamt því að halda í heiðri íslenskri menningu er áhersla lögð á að menning þeirra erlendu barna sem eru í leikskólanum sé gerð góð skil t.d. með því að halda upp á þjóðhátíðardag þeirra, skoða bækur, elda mat og hlusta á tónlist frá þeirra menningarheimi. Börnin kynnast nærsamfélaginu t.d. bókasafni, grunnskóla og hjúkrunarheimili hverfisins. Eftir því sem börnin eldast er farið í fleiri vettvangsferðir á söfn, í leikhús og á tónleika. Í skóladagatali sem leikskólinn gerir árlega eru taldir upp þeir menningartengdu viðburðir sem eru árlegir í leikskólanum en auk þess bætast oft við viðburðir og vettvangsferðir sem ekki eru skráðir á skóladagatalið. Sem dæmi um slíka viðburði má nefna þátttöku í barnamenningarhátíð, ferðir á listasöfn, samvinna við tónskóla og leikhúsferðir.



Foreldrasamvinna

Gott samstarf milli heimilis og leikskóla er grundvallaratriði varðandi vellíðan barna í leikskóla. Dagleg samskipti eiga að einkennast af gagnkvæmu trausti og virðingu.

Mikilvægt er að vel sé staðið að aðlögun barna þegar þau hefja leikskólagöngu. Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir í viðtal þar sem þeir gefa upplýsingar um barnið og gefst kostur á að koma á framfæri óskum og viðhorfum sínum. Í þessu viðtali fá foreldrar einnig upplýsingar um áherslur og uppeldisstefnu leikskólans. Á meðan aðlögun stendur gefst foreldrum tækifæri til að kynnst starfsemi leikskólans, starfsfólki og börnum. Fyrstu dagana eru foreldrar/foreldri með börnum sínum í leikskólanum. Dvalatími barnanna lengist smám saman uns fullum dvalatíma er náð. Yfirleitt tekur aðlögun um eina viku.

Upplýsingagjöf til foreldra varðandi barnið og daglegt starf fer fram í gegnum viðtöl, með tölvupóstum, á heimasíðu leikskólans, á upplýsingatöflum í fataklefa og síðast en ekki síst í daglegum samskiptum. Leikskólinn býður foreldrum upp á viðtal tvisvar á ári eða eins og þurfa þykir og foreldrar geta að sjálfsögðu alltaf óskað eftir viðtali. Foreldrafundir eru 1-2 á ári. Á haustin er ávallt boðað til fundar þar sem m.a. kosið er í foreldraráð og stjórn foreldrafélags og á vorönn er stundum boðað til fundar.

Í Steinahlíð er starfrækt foreldrafélag. Fundir foreldrafélagsins eru haldnir í leikskólanum og ávallt er einn starfsmaður leikskólans á þeim fundum. Foreldrar hafa stofnað sjóð og er peningum sjóðsins t.d. varið til: Jólaskemmtanna, vorferða, sumarhátíða, leiksýninga, vasaljósaratleiks og ýmissra annarra uppákomna sem eru þó ekki endilega þær sömu á hverju ári.



Hefð hefur skapast fyrir nokkrum föstum uppákomum sem leikskólinn býður foreldrum að taka þátt í með börnum sínum, sem dæmi má nefna: Trjáflutninga/garðvinna og tiltekt í garðinum, foreldrakaffi og grænfána afhendingar.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla. Í foreldraráði sitja að lámarki þrír foreldrar. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.

- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur.
- Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um: Skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og að skólanámskrám, starfsáætlun og að aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar foreldrum.
- Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu.
- Foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra barna eða starfsmanna.
- Foreldrafélag getur ekki tekið að sér verkefni foreldraráðs.

Hlutverk starfsmanna

Helstu markmið og áherslur varðandi hlutverk starfsmanna í Steinhlíð eru eftirfarandi:

- Vera góð fyrirmynd í starfi með börnunum „Ungur nemur hvað gamall temur“
- Mæta þörfum hvers og eins, hlusta á óskir og hugmyndir barnanna og taka tillit til þeirra í daglegu starfi og áætlanagerð
- Bera virðingu fyrir ólíkum þörfum og sjónarhornum
- Fylgjast með og efla alhliða þroska barnanna í samvinnu við foreldra
- Vekja undur og ýta undir fróðleiksporsta barnanna og gefa þeim krefjandi verkefni til að kljást við
- Vera hvetjandi í garð barnanna, kenna þeim að bera ábyrgð á sjálum sér og jafnframt að vera hluti af samfélagi
- Skapa jákvætt starfsumhverfi þar sem hver og einn fær að njóta sín á eigin forsendum
- Að gagnkvæmt traust sé milli starfsmanna leikskólans og fjölskyldna barnanna
- Veita forráðamönnum upplýsingar um barn þeirra sem og starfið í leikskólanum almennt
- Afla upplýsinga og hugmynda frá forráðamönnum sem nýst geta í starfinu í leikskólanum
- Virðing sé borin fyrir ólíkum gerðum fjölskyldna
- Starfsmenn hafi sameiginlega sýn og markmið
- Samvinna, samábyrgð og hjálpsemi ríki meðal starfsmanna
- Starsmenn séu opnir fyrir nýjungum og sækji símenntun sem nýst getur í starfi

- Sex skipulagsdagar eru árlega í leikskólanum, þessa daga er leikskólinn lokaður. Í starfsáætlun sem gerð er ár hvert kemur fram hvenær leikskólinn er lokaður vegna skipulagsdaga. Þessa daga notar starfsfólk til að skipuleggja og endurmeta starfið en einnig til að sækja sér fræðslu í samræmi við markmið leikskólans.

Mat á leikskólastarfinu

Mat á starfi leikskólans er tvíþætt, ytra mat og innra mat.

Ytra mat

Ytra mat er gert af utanaðkomandi aðila. Annað hvert ár er lögð fyrir foreldra viðhorfskönnun á vegum Skóla-og frístundasviðs. Reglulega eru einnig kannanir lagðar fyrir starfsmenn þar sem líðan og starfsumhverfi þeirra er metið. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að kynna niðurstöður slíkra kannanna.

Innra mat

Innra mat er liður í þróun starfsins sem á að stuðla að umbótum og auknum gæðum. Að matinu koma börn, foreldrar og starfsfólk. Við matið á starfinu eru notaðar mismunandi leiðir s.s. umræðumat á starfsmanna-og foreldrafundum, í starfsmanna- og foreldraviðtölum og á starfsdögum. Fyrir starfsmannaviðtöl fá starfsmenn undirbúningsblöð þar sem starfsmenn eru beðnir um að velta fyrir sér ákveðnum þáttum starfsins og líðan í starfi. Undirbúningsblöðin geta verið með mismunandi áherslum frá ári til árs. Starfsviðtöl eru góður vettvangur til að koma á framfæri hugmyndum um hvernig bæta megi starfið. Stundum eru einnig lagðar fyrir foreldra spurningar varðandi einstaka þætti starsins. Mat barnanna á starfinu fer fram í samræðum og viðtölum en kannski fyrst og fremst í gegnum skráningar í máli og myndum á verkefnum, hugmyndum og áhugasviði þeirra. Í starfsáætlun kemur fram mat liðins árs og umbótaáætlun gerð út frá því og ný markmið sett. Þar kemur einnig fram hvenær á að meta ákveðna þætti og hver ber ábyrgð á því.

Við mat á stöðu barnanna er notast við „skráningarbækur“ en þar eru eins og áður sagði skráðar ýmsar upplýsingar um barnið í daglegu starfi, áhugsvið þess og þroskaferil. Auk þess notast leikskólakennarar við stöðluð matstæki s.s. gátlista varðandi sjálfsmynd og félagsfærni, Hljóm -2 sem mælir hljóðkerfisvitund elstu barnanna. Við mat á stöðu barna sem þurfa sérstakan stuðning er notast við viðurkennd matstæki í samráði við foreldra og fagaðila

Rekstur og samstarfsaðilar.

Steinahlíð er í eigu Barnavinafélagsins Sumargjafar en Reykjavíkurborg sér um rekstur leikskólans. Reksturinn fellur undir Skóla- og frístundasvið borgarinnar. Skóla- og frístundasvið var stofnað árið 2011 og undir það heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, Námsflokka Reykjavíkur, daggæslu í heimahúsum, skólasafnamiðstöðva, myndvers og skólahljómsveita.

Leiðarljós sviðsins er að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1989).

Í lögum um leikskóla segir meðal annars: Markmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- Að rækt hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Á stefnumörkum Aðalnámskrár vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hver hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Barnasáttmálinn var fullgildur fyrir Íslands hönd ári 1992. Lög og reglur sem í gildi eru hérlendis ættu því að vera í samræmi við hann. Í Barnasáttmálanum er fjallað um grundvallarréttindi barna sem tryggir þeim vernd og umönnun og rétt þeirra til að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu.

Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háleitis

Þjónustumiðstöð hverfisins er til húsa í Síðumúla 39. Þjónustumiðstöðin sinnir m.a. þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, frístundaráðgjöf, almennum upplýsingum um starfsemi borgarinnar og sér færðiþjónustu við leik- og grunnskóla.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (1989). Sótt af

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyttriutgafa.html>.

Lesið í leik – Læsisstefna leikskóla. (2013). Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Lög um leikskóla: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik-og grunnskóla (nr. 896/2009):

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/aa0d47377abc977400256a090053ff91/d15a02aa43956f67002576700055ad49?OpenDocument&Highlight=0,896%2F2009>.

Í túninu heima – þróunarverkefni 2003-2005. (2005). Leikskólinn Steinahlíð, Reykjavík.

Fylgiskjal 1 - Umsögn um námskrá Steinahlíðar

Undirrituð hafa lesið yfir námskrá leikskólans Steinahlíðar.

Námskráin er ítarleg og vel unnin. Hún gefur góða mynd af því starfi sem fram fer í Steinahlíð og fer vel yfir þá grunnþætti menntunar sem leikskólanum ber að vinna eftir samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011. Gott jafnvægi er á milli fræðilegrar umfjöllunar og lýsingar á því hvernig fræðin eru heimfærð á daglegt starf leikskólans. Þannig fær lesandinn góða sýn á það starf sem fram fer í Steinahlíð með tilliti til þeirra.

Farið er vel yfir þá hugmyndafræði, áherslur og leiðir sem unnið er eftir, þar sem leikurinn er kjarninn í öllu starfi leikskólans. Umhverfismenntinni eru gerð góð skil enda snýr sérstaða Steinahlíðar að mestu að umhverfismennt og því stórkostlega svæði sem leikskólinn hefur yfir að ráða. Einnig er farið vel yfir þá áhersluþætti sem ríkja í leik og starfi Steinahlíðar. Þar er rætt um sjálfstæði einstaklinga, lýðræði, jafnrétti, snemmtæka íhlutun þar sem allir fá verkefni við hæfi og svo starfið sem unnið er sérstaklega með elstu börnunum.

Námssviðum leikskólans eru gerð góð skil og má auðveldlega sjá hvernig unnið er í grófum dráttum með hvert námssvið fyrir sig innan leikskólans. Myndirnar tengja textann enn betur við þau verkefni sem unnin eru í leikskólanum og gefa betri mynd af því frábæra starfi sem fram fer í Steinahlíð.

Foreldrasamstarf í Steinahlíð fær sinn hlut í námsskránni enda er hann stór þáttur í starfinu þar sem foreldrar fá að vera þátttakendur á margskonar hátt.

Það er mat okkar að vel sé starfað eftir námsskránni.

Reykjavík, 25. mars 2015

Foreldraráð Steinahlíðar,
Fjölur Ólafsson
María Gestsdóttir
Sólrun Óskarsdóttir